

Alþingi  
Erindi nr. P 130/93  
komudagur 10.11.2003



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2003

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp um breytingu á lögum nr. 95/2000, 13. mál.**

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum, 13. mál.

BSRB styður frumvarpið eindregið og vill vekja athygli á eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var á nýafstöðnu þingi BSRB:

„40. þing BSRB fagnar þeim ánægjulega árangri sem náðst hefur í því að bæta réttindi til fæðingarorlofs. Í kjarasamningum bandalagsins við ríki, sveitarfélög og stofnanir, tókst að festa í samninga réttindi til greiðslu sumarorlofs sem einstaklingar ávinna sér í fæðingarorlofi. Það gildir hins vegar ekki um starfsfólk sem heyrir undir lög um Stéttarfélög og vinnudeilur, hvort sem það er innan vébanda BSRB eða utan.

40. þing BSRB beinir því til ríkisstjórnar og Alþingis að gangast fyrir lagabreytingu sem tryggi öllum þeim sem nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs óskertan rétt í sumarorlofi.“

f.h. BSRB

*Svanhildur Halldórsdóttir*  
Svanhildur Halldórsdóttir